

Ed.

536. Breytingartillögur

við frv. til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Frá Jóni Þorlákssyni og Birni Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Hreppsnefndunum í Geiradals-, Reykhóla- og Gufudalshreppum skal heimilt að taka eignarnámi, til að koma upp læknisbýli, landsspildu úr Reykhólalandi, alt að 40 hektörum að flatarmáli, ásamt laug eða laugum, er nægi til að hita læknisbústað með sjúkraskýli. Fylgja skal rjettur til upp-
rekstrar í afrjettarland Reykhóla og rjettur til að taka mól og sand til nauð-
synlegra bygginga í Reykhólalandi.

2. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um heimild til eignarnáms á spildu úr Reykhólalandi í Reykhólahreppi.